

#MeToo málefni – fundur með félagskonum 8. janúar 2019.

Boðað var til fundar meðal félagskvemma FKA þar sem átta konur komu saman og tóku saman atriði sem er mikilvægt að hafa í huga þegar unnið verður með hugmyndir að aðgerðum til að vinna að forvörnum og framtíð sem tengjast einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þær sem sátu fundinn voru: Berglind G. Berþórsdóttir, mannauðsstjóri hjá Öskju, Rosio Calvi, mannauðsstjóri hjá Calvi ehf., Nína Vigdísardóttir Björnsdóttir, upplýsingatæknistjóri hjá Ísaga, Ragnhildur Bjarkadóttir, sálfræðingur hjá Auðnast, Hrefna Hugosdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Auðnast, Sonja M. Scott, mannauðsstjóri hjá Kók á Íslandi og Stefanía B. Arnardóttir, sérfræðingur í hjúkrun hjá Miðstöð foreldra og barna.

Konurnar sem mættu hafa allar mikla reynslu af meðferð mála sem tengjast verkefnum starfshópsins, ýmist frá hlutverki mannauðsstjóra í stórum fyrirtækjum, sálfræðinga sem unnið hafa að innleiðingu á umfangsmiklum áhættumötum á sálfélagslegum þáttum og aðgerðaráætlunum í kjölfars þess, heilbrigðisstarfsmanns í forvörnum og ráðgjöf við konur á meðgöngu og umönnun barna og aðgerðarstjórnun í tengslum við #MeToo mál innan íþróttahreyfingarinnar. Það var því mikil reynsla sem þær konur sem mættu á fundinn bjuggu yfir. Helstu atriði sem komu fram eru eftirfarandi (ath. þau eru ekki í mikilvægisröð):

- Það ætti aldrei að gera tilraun til að leysa málin innanhúss, jafnvel þó að fyrirtækin búi yfir öflugri mannauðsdeild.
- Aðgerðir sem fyrirtækið getur undirbúið stjórnendur sína fyrir er ígildi sálfélagslegrar **skyndihjálpar**, en sjálf úrvinnsla málsins þarf að fara fram hjá viðurkenndum sérfræðingum á sviðinu.
- Innanhúss fagrað og siðanefndir, t.d. hjá Ríkislögreglustjóra, Landspítala, Þjóðkirkjunni og Háskóla Íslands ætti að leggja niður og tryggja að öll mál sem tengjast sálfélagslegum þáttum sé vísað til viðurkenndra sérfræðinga á sviðinu.
- Eineltismál eiga fátt sameiginlegt með málum sem tengjast kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum annað en að það er mikilvægt að fá utanaðkomandi sérfræðinga til að vinna með aðilum málsins.
- Við framkvæmd á áhættumati fyrir sálfélagslega þætti eykst vitund allra hlutaðeigandi um áhættu og vísbendingar um hvernig staðan er hjá fyrirtækjum. Vinnueftirlitið annast leyfisveitingar til viðurkenndra vinnuverndarráðgjafa sem annast framkvæmd áhættumats og ráðgjöf til stjórnenda og fræðslu til starfsfólks.
- Tryggja þarf upplýsingagjöf um áhættumat á sálfélagslegum þáttum þannig að allir geti átt hlutdeild í innleiðingu viðbragðsáætlana sem unnar eru í kjölfar þess.
- Reynslan hefur sýnt að fólk sem lendir í aðstæðum sem þessum sest ekki niður og fer yfir gátlista til að leggja mat á alvarleika, þess vegna er áhættumat mikilvægur liður í að lágmarka áhættu gagnvart sálfélagslegum þáttum og þannig er hægt að draga úr líkum á brotum og afleiðingum af þeim brotum sem eiga sér stað. Skriflegt efni gagnast ekki eitt og sér.

- Það er ekki raunhæft að þjálfa stjórnendur til að taka sjálfir á málum sem koma upp, heldur ætti að þjálfa þá í að greina aðstæður þannig að þeir geti leitað sér faglegrar aðstoðar vegna mála sem upp koma í þeirra fyrirtækjum.
- Til þess að hægt sé að meta með sannri raunverulegan ávinning af því að taka af festu og ábyrgð á þessum sálfélagslegu þáttum á frumstigi þarf að rannsaka raunkostnað vegna ómeðhöndlaðra mála í formi veikindadaga, starfsmannaveltu, starfslokasamninga og fleiri þátta sem tengjast andlegum og líkamlegum afleiðingum langvarandi álags og vanlíðunar í kjölfar eineltis, áreitnis og ofbeldis.
- Mikilvægt að taka saman allt regluverk, bæði lög og leiðbeiningar sem til eru og vekja athygli á þeim og finna leiðir til að stuðla að innleiðingu þeirra á vinnumarkaði. Mikið er til af góðu efni sem fólk þekkir ekki nægilega vel og nýtist því ekki sem skyldi.
- Innleiðing á reglubundnu mati á sálfélagslegum þáttum í öllum fyrirtækjum er mikilvægur liður í forvörnum.
- Kynferðisleg misnotkun eða ofbeldi í æsku margfaldar hættu á að einstaklingar lendi í kynferðisofbeldi síðar á lífsleiðinni. Þess vegna er mikilvægt að setja fókus á forvarnir og aðgerðir til að draga úr afleiðingum ofbeldis sem einstaklingar hafa orðið fyrir í æsku.
- Hafa þarf í huga að þetta er málaflokkur sem þarf að skoðast út frá hverju fyrirtæki fyrir sig og hverju umhverfi fyrir sig. Forvarnir og aðgerðir þurfa að taka mið af fyrirtækjagerð og samsetningu þeirra einstaklinga sem starfa í fyrirtækjunum.
- Í kynningu á aðgerðum nefndarinnar er mikilvægt að vekja athygli stjórnenda og fyrirtækja á kostnaðinum sem sparast með bættri heilsu og minni fjarveru með því að grípa inn í um leið og hægt er.

Fundarkonur voru sammála um að mikilvægt væri að fara nánar yfir mögulegar aðgerðir í málaflokknum og voru sammála um að rétt væri að hittast aftur að tveimur vikum liðnum til frekari greiningar á þeim þáttum sem fram hafa komið og mögulegum viðbótum við það sem þegar hefur komið fram. Fundur ákveðinn 22. janúar 2019 kl. 17.00 til 18.00.